

Nd.

578. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun háskóla (þingskj. 314) og frumvarp til laga um laun háskólakennara (þingskj. 406).

Frumvörp þessi höfum vér athugað nokkuð, og getum vér ekki dulizt þess, að þeim er mjög ábótavant, einkum frumvarpinu um stofnun háskóla, að máli, og finnast sumum af oss svo mikil brögð að því, að svo þykir sem ekki hefði veitt af að stýla það upp með öllu, ef vel hefði átt að vera. En sökum þess, að svo er nú orðið á liðið þingtímann, að hæpið mundi vera, hvort frumvarp þetta mætti ná framgangi til fulls á þessu þingi, ef á því yrði nú gerðar miklar breytingar, höfum vér orðið ásáttir um það, að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú liggur fyrir frá hinni háttv. efri deild. En mál þetta teljum vér að nú eigi að hafa framgang. Að visu vantar hér í frumvarpið áriðandi ákvæði um það, að engir hafi rétt til embættis hér á landi aðrir en þeir, sem tekið hafa próf við háskóla vörn eftir að hann er kominn á, í þeim greinum, sem eru skilyrði fyrir því, að fá embætti hér á landi og kendar verða við háskólann. En svo sjálfsgöð ákvæði sem þetta eru og alveg nauðsynleg, ef háskóli á hér að geta þrífist, getum vér þó að svo komnu sætt oss við, að slík fyrirskipan biði að sinni, þangað til sett yrði sérstök lög um þetta efni, þegar er háskólinn kæmi í framkvæmd og tæki til starfa.

Vér verðum einnig eftir atvikum að ráða hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarp til laga um laun háskólakennara óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Í sambandi við þetta efni látum vér þess getið, að vér höfum átt fund með mönnum þeim, körlum og konum, er áttu þátt í því að stofna »Háskóla-sjóðinn« sumarið 1893, og enn eru lífs og hér nær staddir. Höfum vér tekið dagsráð af þeim um það, hvornig þeir ætluðust til að sjóði þessum, sem nú er að upphæð alls 7845 kr. 17 a., yrði varið í sambandi við háskólann. Kom það fram af hálfu kvenna (»hins íslenska kvenfélags«) að þær ætluðust til að þeim hluta af sjóðnum, er þær höfðu safnað, yrði varið til námsstyrks handa kvennemendum við háskólann. En sú upphæð er nú 2962 kr. 47 a. Til þess að gera tillögur um það, hvornig verja skyldi hinum hluta sjóðsins, er karlmenn höfðu safnað, og nú er að upphæð 4882 kr. 70 a., voru á nefndum fundi kosnir þeir Þórhallur biskup Bjarnarson, síra Sigurður Stefánsson og Tryggvi bankastjóri Gunnarsson, og hafa þeir ráðið til þess, að þessi hluti sjóðsins verði kendur við Benedikt sýslumann Sveinsson, sem bæði hafði jafnan brennandi áhuga á háskólamálinu og átti stórmikinn hlut í því að sjóður þessi var stofnaður. Leggja nefndir menn það og til, að karlnemendur við háskólann verði styrktir af þessum parti af sjóðnum. Erum vér þeim samdóma í þessu og er þinginu jafnan auðgefið að koma með þingsályktunartillögu um reglur fyrir sjóði þessum, samkvæmt tillögum þessara manna, eftir að hafa borið sig saman við forstöðumenn hinna æðri mentaskóla hér eftir fyrirmælum áskorunar stofnenda sjóðsins frá 27. Ágúst 1893.

Skjöl þau, er snerta »Háskólasjóðinn«, látum vér nú fylgja þessu nefndarálití.

Alþingi 22. Apríl 1909.

Bjarni Jónsson
frá Vogí.

Jón Þorkelsson,
skrifari.

Eggert Pálsson.

Jón Magnússon.

Með fyrirvara, er lýtur að ummælunum um rétt þeirra til embætta hér á landi, er nám stunda við háskólann í Kaupmannahöfn, sérstaklega læknisfræði.

Skúli Thoroddsen.

Fylgiskjöl

við nefndarálit um frumvarp til laga um stofnun háskóla.

1.

Vér sem ritum nöfn vor undir þetta skjal, höfum orðið ásáttir um, að vekja áhuga þjóðarinnar á stofnun háskóla, og byrja samskot um alt land til að flýta fyrir framkvæmd þess máls. — Blandast oss eigi hugur um að það mál sé hinn traustasti og vænlegasti hyrningarsteinn þroska og sjálfstæðis þjóðar vorrar í hverja átt sem litið er, eigi sízt í augum hins mentaða heims.

Þá er vér erum orðnir að minsta kosti 12 að tölu, er svo ráðgert að vér eigum fund með oss til þess, að kveða á um skipun félags vors og starfa þess.

Ritað í Reykjavík 21. dag ágústmán. 1893.

B. Sveinsson.	Jón Þorkelsson.	Sighv. Arnason.	Björn Bjarnarson.
Sigurður Gunnarsson.	B. Kristjánsson.	Sigurður Stefánsson.	Sk. Thoroddsen.
Sturla Jónsson.	Þórh. Bjarnarson.	Jón Pétursson.	Jens Pálsson.
Fríðrik Jónsson.	H. Halfdánarson.	Eiríkur Briem.	T. Hallgrímsson.
Guttormur Vigfússon.	J. Jónassen.	Sigurður Jensson.	Jón Þórzrinsson.
Jón Jónsson.	Jón Jónsson.	Þorlákur Guðmundsson.	Jón Vídalín.
D. Thomsen.	Stefán Stefánsson.	Björn Bjarnarson.	Hannes Þorsteinsson.
Bogi Th. Melsted.	Kl. Jónsson.		

2.

Askorun.

I lok alþingis 1893 bundust eftirfarandi 30 men samtökum að vekja áhuga þjóðarinnar á stofnun háskóla og gangast fyrir samskotum til að flýta framkvæmdum þess máls.

Þessir menn voru:

Benedikt Kristjánsson, alþingismaður.	Benedikt Sveinsson, alþingis forseti.	Björn Bjarnarson, alþingismaður.
Björn Bjarnarson, sýslumaður.	Bogi Th. Melsteð, alþingismaður.	Ditlev Thomsen, kaupm.
Eiríkur Briem, prestaskólak.	Friðrik Jónsson, kaupm.	Guttormur Vigfússon, alþingism.
Hannes Þorsteinsson, ritstjóri.	Helgi Hálfðánarson, forstöðum. prestask.	Jens Pálsson, alþingism.
Jónas Jónassen, dr. med. læknaskólak.	Jón Jónsson, alþingism. Eyf.	Jón Jónsson, alþingism. N. M.
Jón Pjetursson, háyfirdómari.	Jón Vídalín, kaupm.	Jón Þórarinnsson, alþingism.
Jón Þorkelsson, alþingism.	Klemens Jónsson, alþingism.	Sighvatur Árnason, alþingism.
Sigurður Gunnarsson, alþingism.	Sigurður Jensson, alþingism.	Sigurður Stefánsson, alþingism.
Skúli Thoroddsen, alþingism.	Stefán Stefánsson, kennari á Möðruvöllum.	Sturla Jónsson, kaupm.
Tómas Hallgrímsson, læknaskólak.	Þórhallur Bjarnarson, prestaskólak.	Þorlákur Guðmundsson, alþingism.

Á fundi, sem þessir menn áttu með sér í dag, var ákveðið að kjósa 9 manna nefnd: 3 búsetta í Reykjavík, 1 í hverjum fjórðungi landsins og 2 í Kaupmannahöfn til að gangast fyrir framkvæmdum þessa félagskappar, og vorum vér undirritaðir kosnir til þess.

Hin innlenda lögfræðiskensla hefir um fullan mannsaldur verið einna efst mála á dagskrá þings og þjóðar, en auk hennar hafa menn jafnframt fundið til þess æ betur og betur, hve brýn nauðsyn er til, að hafa alla hina æðri mentun, að því að kraftar vorir leyfa, í sjálfu landinu, hvort heldur litið er til þjóðernis vors og landsréttinda, eða til vísindalegra og verklegra framfara.

Krafa vor er því háskóli, og vér vitum, að í þeirri baráttu höfum vér hluttöku alls hins mentaða heims.

Væntanlega skýra blöðin rækilega þýðingu þessa máls og hvernig því verður bezt fram komið í verki.

Alþingi hefir fyllilega viðurkennt háskólaþörfina, en áhuga þjóðarinnar má eigi bresta til að halda máli þessu fram til sigurs, og áhuga sinn sýnir þjóðin bezt með því nú þegar að byrja samskot til háskólasjóða, sem fram verður haldið til þess er stofnunin kemst á.

Vér skorum því á alla Íslendinga hér og erlendis og alla Íslandsvini að styðja mál þetta af alefli í orði og verki.

Sjóðurinn, sem heitir »Háskólasjóður Íslands«, ávaxtast í Landsbankanum og hefir bankastjórinn, herra Tryggvi Gunnarsson, tekið að sér geymslu fjáris, og má senda allar gjafir beint til hans, eða til hvers sem vill af undirrituðum. Í byrjun hvers árs verður birt á prenti upphæð sjóðsins og auk þess verða allar gjafir tafarlaust auglýstar í blöðunum.

Þegar svo er komið, sem vér vonum að verði innan skamms tíma, að löggjafarvaldið er orðið samtaka um stofnun háskóla á landi hér, rennur Háskólasjóðurinn til þeirrar stofnunar eftir nánari ákvörðun alþingis í samráði við kennendur hinna innlendu embættaskóla, og öll aðalumsjón sjóðsins er falin alþingi og ber jafnan að gjöra því skilagrein fyrir sjóðnum.

Reykjavík 27. ágúst 1893.

B. Sveinsson. Hannes Þorsteinsson. Jón Vídalín. J. Jónassen.
Jón Þorkelsson. Sighvatur Árnason. Sigurður Gunnarsson.
Sigurður Stefánsson. Þórhallur Bjarnarson.

[Áskorun þessi var þýdd á dönsku og prentuð sérstök í Kaupmannahöfn 1894 að tilhlutan Jóns konsúls Vídalíns. Á þýzku þýddi hana meistari Karl Küchler, og var hún bæði prentuð sérstök í Khöfn 1894 og síðan í »Hochschul-Nachrichten« Jan. 1894—95, Nr. 52, og því næst í »Academische Revue«, München, I, Jan. 1895. A frakknesku var hún þýdd af Sveinbirni yfirkennara Sveinbjarnarsyni í Árósum og prentuð sérstök í Khöfn 1894. Á ensku þýddi hana Dr. Jón Stefánsson, og var sú þýðing einnig prentuð sérstök í Khöfn 1894].

3.

Áskorun frá »Hinu íslenska kvenfélagi«.

Nú á tímum er hér á landi, sem betur fer, vaknaður töluverður áhugi á því, að auka réttindi kvenna. Vér viljum ná almennum réttindum, en vér viljum einnig bera almennar skyldur. Það er því vel til fallið, að vér konur sýnum, að vér höfum áhuga á þeim málum, sem efst eru á dagskrá hjá þjóðinni, og reynum með veikum kröftum að stuðla að öllu því, sem til framfara horfir.

Eins og öllum mun kunnugt af blöðunum og þingtíðindunum, er hjá ótal mörgum hinum beztu mönnum þjóðarinnar vaknaður áhugi á því, að reyna að koma hér upp háskóla, það er að segja: stofnun til mentunar fyrir embættismañaefni og til aukningar og eflingar vísindum og fróðleik á Íslandi. Það er hugsuu manna, að stofnuu þessi, ef hún getur komist á, eigi að vera sem mest sniðinn eftir ástæðum laudsins og efnahag. Prestaskóli og lækna-skóli eru hér til, en lagaskóla vantar, og er hans þó ekki sízt þörf. Þessa þrjá skóla ætti að sameina í eina heild og bæta svo smátt og smátt við öðrum vísindagreitum, eftir því sem fé og hæfir menn eru fyrir hendi.

Til þess að sýna viljann á að framkvæma þetta, hafa ýmsir þegar skotið saman fé til háskólasjóðs, og þykir oss konum því hlýða að sitja ekki hjá, þegar um svo gott mál og fagran tilgang er að ræða.

Hinn 26. janúar þetta ár áttu því um 2—300 konur hér í bænum fund með sér, og var þar ákveðið að halda »tombólu« næstkomandi októbermánuð til styrktar fyrir hinn fyrirhugaða háskóla. — Í þeirri von að konur út um landið hafi sömu skoðanir á þessu máli og vér undirritaðar, og vilji bindast félagsskap til að styrkja þetta málefni, eru það vinsamleg tilmæli vor, að þær haldi »tombólu« heima í hérudum, eða styrki þetta fyrirtæki með fjárframlögum eða öðru, er þeim kynni að veita hægst að láta af hendi rakna.

Vér höfum í hyggju að láta ekki þennan litla vísi félagsskapar vors deyja út, heldur hlynna að honum eftir mætti, með því að hreyfa stöðugt ýmsum málum í félagi voru, er vér nefnum »hið íslenska kvenfélag«.

Jafnframt því sem vér höldum áfram að safna fé til háskólans á ýmsan hátt, eftir því sem kraftar vorir leyfa, viljum vér sérstaklega beina athygli voru að þeim málum,

er kvenþjóðina yfir höfuð varða mestu, að þeim málum, er einkum miða til þess að lyfta henni á hærra stig andlegs þroska og menningar, og vonum vér, að það starf vort beri heillarfka ávexti, ef oss ekki skortir áhuga og sambeldni.

Reykjavík, 16. apríl 1894.

Í umboði »hins íslenska kvenfélags«:

Anna S. Petersen.	Elinborg Kristjánsson.	Guðrún Sigurðardóttir.
Hólmfríður Bjarnardóttir.	Ingibjörg Grímsdóttir.	Ingibjörg Johnson.
Ingunn Hansdóttir.	Jarðþrúður Jónsdóttir.	Katrín Árnason.
Kristín Einarsdóttir.	Kristjana Havsteen.	María Kristjánsdóttir.
Marta Pétursdóttir.	Sigríður Eggerz.	Sigþrúður Friðriksdóttir, (p. t. forstöðukona).
Sigþrúður Guðmundsdóttir.	Valgerður Bjarnarson.	Þorbjörg Sveinsdóttir.

4.

Ár 1909, hinn 6. apríl var fundur haldinn í neðri deildarsal alþingis, eftir fundarboði frá alpm. Dr. Jóni Þorkelssyni til allra þeirra karla og kvenna í Reykjavík, sem á sínum tíma höfðu lagt saman nokkurt fé til stofnunar hins svo kallaða »Háskólasjóðs«, og var það efni fundarins að taka ákvörðun um, hversu verja skyldi því fé, sem þegar hefir safnast til nefnds sjóðs, — nú; er lög um stofnun háskóla eru væntanleg frá þinginu. Fundarstjóri var biskupinn, herra Þórhallur Bjarnarson, og skrifari (fundarins) umsjónarmaður fræðslumálanna Jón Þórarinsson.

Fundarboðandi skýrði í fundarbyrjun frá því, sem gerzt hefir til þessa dags um fjárfn þetta, og lagði það til að sjóðuum, sem við árslok 1908 var orðinn 7845 kr. og 17 a., yrði varið til styrktarfjár handa nemendum við hinn væntanlega háskóla. Var það og upplýst á fundinum að það fé, sem kvenfélagið hefir safnað til sjóðsins, var af kvenfélaginu sérstaklega til þess ætlað, að styrkja konur við háskólanám á Íslandi; en sú upphæð var í árslok 1908: kr. 2962.47; en sá hluti sjóðsins, er safnast hefir fyrir tilhlutun karla var kr. 4882.70. —

Um það urðu allmiklar umræður, hvort slengja skyldi saman þessum upphæðum í einn sameiginlegan styrkarsjóð handa konum og körlum, eða hvort því fé, sem kvenfélagið hefir safnað, verði eftirleiðis sérstakur sjóður til styrktar konum, er sækja mundu háskólann, og varð það að úrslitum, að kvenfélagið geri sérstaklega ákvarðanir um þann hluta fjárens, er það hefir staðið fyrir að safna, eu að þeir biskup Þórhallur Bjarnarson, síra Sigurður Stefánsson og bankastjóri Tryggvi Guunarsson semdu ákvæði um þann hluta fjárens, er safnast hefir að tilhlutun karlmanna.

Eugin önnur ákvörðun tekin.

Fundi slitið.

Þórh. Bjarnarson.

Jón Þórarinsson.

5.

Útdráttur úr fundarbók hins íslenska kvenfélags.

Á fundi hins íslenska kvenfélags, föstudaginn 27. september 1895, las fröken Ólafía Jóhannsdóttir upp gjafabréf fyrir fé því, er félagskonur gáfu til hins fyrirhugaða háskóla, og bar það undir álit fundarins, hvort hann vildi ekki samþykkja það fyrirkomulag, sem nefndin hafði fallist á, er upphaflega var uppástunga forseta kveufélagsins, frú Sigþrúðar Friðriksdóttur, nefnilega að gefa kvenfólki, er kynni að vilja stuunda nám við háskólann, þetta fé, og verja því eingöngu til þess að stofna styrktarajóð handa því. Með þessari tillögu mæltu Þorbjörg Sveinsdóttir og Elínborg Kristjánsson, en á móti Marta Pétursdóttir, Briet Bjaruhéðinsdóttir og Rannveig Felixson. Tryggvi Gunnarsson hallaðist að þessari uppástungu. Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykkt.

Katrín Magnússon.

6.

Stofnendur Háskólasjóðsins svo nefnda, sem efnt var til með samskotum, samkvæmt áskorun í þinglok 1893, áttu fund með sér í alþingishúsinu 6. þ. m. til að ráðstafa sjóðnum, og lögðu þar fyrir oss þrjá að gera tillögur um það.

Vér leggjum það til, að sjóðurinn, sem er í vörzlum meðundirritaðs bankastjóra Tryggva Gunnarssonar, verði afhentur stjórnarnefnd hins íslenska háskóla, jafnskjótt og sú nefnd er skipuð. Ætlumst vér svo til, að þrír fjórðu hlutar vaxtanna gangi til styrktar efnilegum námsmönnum háskólans, en fjórði hlutinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Í annan stað teljum vér það eiga vel við, að sjóður þessi beri nafn aðalstofnandans, sem fastast fylgdi fram háskólamálinu á hinum fyrri þingum, og heiti »Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar«.

Það er sjálfgefið, að stjórn háskólans setur sjóðnum á sínum tíma skipulagsskrá með nánari ákvæðum, en vér teljum þessa ráðstöfun, sem nú er gerð, nægja að sinni, og sendum þetta vort bréf háttvirtri nefnd í neðri deild alþingis, sem nú hefir háskólamálið með höndum.

Reykjavík, á sumardaginn fyrsta 1909.

Þórh. Bjarnarson.

Tryggvi Gunnarsson.

Sigurður Stefánsson.